

8.apríl 2026

Svar við fyrirspurn um auglýsingaskjá í anddyri Sundhalla Selfoss

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista lagði fram eftirfarandi fyrirspurn í bæjarráði

- Á hvers vegum er auglýsingaskjár sem settur hefur verið upp í anddyri Sundhallar Selfoss?
- Hvaða reglur gilda um slíka auglýsingaskjái sem settir eru upp í almannarýmum íþróttamannvirkja í Svf. Árborg?

Eftirfarandi svör eru lögð fram á fundi bæjarráðs 9.apríl 2026

- Auglýsingaskjár á jarðhæð í anddyri Sundhallar Selfoss er á vegum World Class. Forsvarsaðilar World Class höfðu óskað eftir því við forstöðumann sundlauga Árborgar að fá að setja upp auglýsingaskjá í anddyrinu við inngang í aðstöðu World Class. Forstöðumaður hafði gefið leyfið en um leið yrði meðferð skjásins tekin í umræður milli aðila um endurskoðun á samstarfssamningi í kjölfar stækkunar á aðstöðu World Class. Sú vinna er í gangi en til að gæta réttar málsmeðferðar hefur verið slökkt á skjánum tímabundið þar til samningar liggja fyrir.
- Sveitarfélagið Árborg hefur ekki sett sér sérstakar reglur um auglýsingaskjái í almannarýmum íþróttamannvirkja í Árborg. Nokkur íþróttafélög eða deildir á þeirra vegum hafa fengið að setja um sambærilega skjái í anddyrum íþróttamannvirkja á síðast liðnum árum með samþykki forstöðumanna. Hvort tilefni sé til að setja slíkar vinnureglur í kjölfar beiðnar World Class er til skoðunar hjá stjórnsýslu- og fjármálasviði sveitarfélagsins.

Bragi Bjarnason
bæjarstjóri